

Úthlutunarreglur einstaklingsstyrkja hjá MFFÍ

Sjóðnum er ætlað að styrkja félagsmenn MFFÍ við að sækja sér menntun sem er í boði á almennum námskeiðs og fræðslumarkaði.

- A. félagsmaður skal hafa greitt til félagsins í minnst 12 mánuði, greitt er hlutfallslega fyrir hlutastörf.
- B. Styrkir eru greiddir út að námskeiði / námi loknu. Skila skal reikningi ásamt staðfestingu á að námskeiði sé lokið.
- C. Sá sem hverfur frá vinnu vegna veikinda, heimilisástæðna eða af gildum ástæðum heldur rétti sínum til styrks í allt að 12 mánuði.
- D. Foreldrar í fæðingar-eða foreldraorlofi geta nýtt sér áunninn rétt samkvæmt 1. gr. ef þeir velja að greiða stéttarfélagsgjöld í orlofinu.
- E. Atvinnulausir félagsmenn halda áunnum réttindum sínum eins og hann var við starfslok ef þeir velja að greiða félagsgjöld af atvinnuleysisbótum.

Námskeiðsstyrkjunum er skipt í tvo flokka.

- 1. Almenn námskeið og starfstengd þar sem félagsmaður eykur fæni sína í starfi, fær 50% afslátt á útlögðum kostnaði sínum á viðkomandi námskeiði gegn framvísun reiknings. Þó að hámarki 100.000,- kr. á ári Þetta gildir þó ekki um kjarasamningsbundin námskeið.
- 2. Tómsundanám (lífsleikninám), afslátt sem nemur 50% af útlögðum kostnaði gegn framvísun reiknings. Þó að hámarki 50.000,- kr. á ári

Stjórn félagsins úrskurðar alfarið um það hvar viðkomandi umsókn flokkast og hvort hún er styrkhæf.

Ekki skulu líða lengur en 6 mánuðir frá því námi lýkur þar til sótt er um endurgreiðslu.

Greitt er inn á bankareikning viðkomandi.

27. apríl 2017
Stjórn MFFÍ